Alþingiskosningarnar fyrsta vetrardag

Þegar ræða skal um kjördæmakosningarnar, sem í hönd fara, getur Lögr. vísað til þess, er hún hefir þegar sagt um landskosningarnar. Afstaða flokkanna verður yfir höfuð hin sama 1 vetrardag og 5. ágúst. Þó er því svo varið, að í engu af kjördæmunum eiga menn að velja milli allra þeirra flokka, sem báru fram lista við landskosningarnar. Þeir flokkar hafa nú dregið sig meira og minna í hlé í kjördæmunum.

Verkamannaflokkurinn, sem lægst ur varð að atkvæðatölu við landskosningarnar, býður nú að eins fram fulltrúa í tveimur kjördæmum, Reykjavík og Akureyri. Og hér í Reykjavík velur hann mennina þannig, að báðir eru kunnir að flokksfylgi áður, annar við Heimastjórnarflokkinn, en hinn við Þversum-menn. Hugsunin er, að þeir dragi til sín atkvæði hvor um sig úr sínum gamla flokki. Það er fjarri því, að Verkamannaflokks samtökin hér í bænum bjóði gömlu flokkunum birginn, eins og oft hefir verið sagt af forvigismönnum þeirra að undanförnu. Hitt er sannleikurinn að forsprakkar Verkamannaflokksins hafa séð þar þann kost vænstan að taka sem mest tillit til gömlu flokkanna á báða bóga. Þeir hafa séð, að það dugar ekki, að bjóða fram fulltrúaefni, sem að eins verður um sagt, að hann sé verkamanna fulltrúi, heldur verða þeir að geta sagt við verkamenn úr Heimastjórnarflokknum: Þorvarður er líka Heimastjórnarmaður, og við verkamenn úr Þversum-flokknum: Jörundur er líka Þversum-maður. En þá er framboð í nafni Verkamannaflokksins ekki orðið annað en tildur og hégómi. Það er að eins til að sýnast, ekki til að vera. Verkamannaflokkurinn hér í bænum getur ekki einn út af fyrir sig unnið sigur nú við kosningarnar. Í bandalagi við Heimastjórnarmenn hefði hann getað trygt sér annað þingsæti Reykjavíkur. Í opinberu bandalagi við Þversum-menn hefði hann að líkindum ekki getað það. Meiri líkindi til hins, að það bandalag hefði gefið Heimastjórnarmönnum bæði þingsætin. Hvorugt af þessu hefir orðið, ekkert opinbert bandalag, engar hreinar línur, heldur leyni-"makk" við Þversum-menn af hálfu sumra verkamanna forsprakkanna. Með alt það "makk" á að fara á bak við þá menn í verkamannahópnum, sem líklegir eru til að firtast við það, neita því við þá, að nokkuð sé til í því. Verkamenn úr Heimastjórnarflokknum verða því að gæta þess, að hér er ekki um verkamannafulltrúa eingöngu að ræða, heldur jafnframt um menn, sem studdir eru af Þversum-mönnum og þeir vilja eiga ítök í. Framboðið í nafni Verkamannaflokksins er, eins og þegar er sagt, tildur og yfirskin og annað ekki.

Langsum-menn, sem fengu næst lægsta atkvæðatölu við landskosningarnar, eiga nú fulltrúaefni að eins í fáum kjördæmum. Í Reykjavík munu hvorki sjálfir þeir né aðrir búast við að þingmannaefni þeirra hafi fylgi svo nokkru nemi og er lítt skiljanlegt, hvað þeim getur gengið til þess, að vera að tefla hér fram mönnum úr sínu flokksbroti. Í Strandasýslu hefir þingmannsefni frá þeim þegar náð kosningu mótstöðulaust, eða réttara sagt, með stuðningi foringja Heimastjórnarmanna þar. Á Seyðisfirði keppa aftur á móti Heimastjórnarmenn og Langsum-menn einir um kjördæmið. Í Vestur-Skaftafellssýslu styrkja Heimastjórnarmenn að sjálfsögðu Gísla Sveinsson lögmann, er nánast má telja til Langsum-manna. En hann hefir í deilumálum flokkanna nú að undanförnu all-lengi staðið alveg þeim megin, sem Heimastjórnarmenn voru, þótt ekki hafi hann verið í þeim flokki. Í deilunni um stjórnarskrá, fyrirvara og flagg hefir hann frá upphafi haldið fram sömu skoðunum og Heimastjórnarmenn. Í Árnessýslu er Einar Arnórsson ráðherra einn í kjöri af hálfu Langsum-manna. Fleiri munu þeir ekki vera en þessir hér töldu, sem bjóða sig fram undir langsummerkinu.

— Þingbænda-listinn var þriðji flokkslistinn, sem fátækur reyndist að fylgi við landskosningarnar. En fyrri þingmenn Bændaflokksins gamla bjóða sig enn fram í kjördæmum þeim, sem þeir voru áður fulltrúar fyrir, þótt flokkur þeirra megi nú teljast dauðadæmdur. Þing bændaflokkurinn býður fram einn mann í Húnavatnssýslu, tvo í Skagafjarðarsýslu, einn í Norður-Múlas., einn í Suður-Múlas. og einn í Austur-Skaftafellss. Á síðasta þingi voru þeir 7 í flokknum, og bjóða þeir sig nú allir fram aftur, nema Björn Hallsson.

"Þjórsárbrúar-mennirnir" eða hinir "óháðu bændur", eru nú þegar farnir að kastast á milli gömlu flokkanna. Í Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu er sagt að þeir 'óháðu' vilji jafnframt heita Þversum-menn. Á Akureyri mun aftur á móti fulltrúi þeirra hafa uppi langsum-flagg jafnframt 'óháða' flagginu. Í Suður-Múlas. kvað 'óháði' maðurinn vera í bandalagi við Þingbændaflokksmannninn; en í Árness. er hann, enn sem komið er, sagður einn síns liðs, en Þversum-menn þó að eigna sér einhver ítök í honum. Framboðin sýna nú, að ekkert getur orðið úr flokksmyndun 'óháðra' bænda á alþingi, eins og til var hugsað í vetur sem leið, þegar hreyfingin hófst. — Kosningasambönd þeirra í einstökum kjördæmum eiga ef til vill að sýna, að þeir séu 'óháðir' gömlu flokkunum. En sýna þau ekki fremur að þeir séu háðir þeim á víxl, einn þessum, annar hinum, þ. e. að þeir yfir höfuð geti hvergi staðið á eigin fótum?

Þversum-menn hafa ekki treyst sér til að halda fram fulltrúum úr sínum flokki, nema í nokkrum kjördæmum: Borgarfj.s, Snæfellsness. (og þó einhver vafi um hann), Dalas., Barðastr.s., Ísafjarðarsýslum og kaupstað, Eyjafjarðars, N.-Þingeyjars., N-Múlas. (einum), S-Múlas., V-Skaftafellss., Vestmannaeyjum (vafa samt þó) og Gullbringu og Kjósars. Í 11 kjördæmum bjóða þeir engan fram undir sínu flokksmerki, en láta sér nægja, að styrkja menn, er sigla undir öðru flaggi. Þetta sýnir, að fylgi þeirar er veikt og að þeir geta alls ekki út af fyrir sig orðið ráðandi flokkur á næsta þingi.

Heimastjórnarmenn er eini flokkurinn, sem fylkir sér um sína menn eingöngu í nær öllum kjördæmum landsins. Sá er helzti gallinn á ráðlagi þeirra við kosningarnar, að þeir keppa mjög innbyrðis í sumum kjördæmunum. Þó getur þetta eitthvað lagast enn þannig, að einhverj ir dragi sig í hlé áður en kosning fer fram, þar sem of margir eru í boði.

Í Barðastrs. og Dalas. styðja Heimastjórnarmenn utanflokksmennina, sem þar eru í boði. Einnig í Skagafj. þann mann, sem þar býður sig fram utan flokka, og í V-Skaftafellssýslu Gísla Sveinsson lögmann

Allir telja það víst, að Heimastjórnarflokkurinn verði sterkastur flokkanna nú við kosningarnar. En það, sem Heimastjórnarmenn eiga að keppa eftir, er að verða í algjörum meiri hluta. Kjósendur ættu yfirleitt að sjá að þetta væri öllum heppilegast Einhver flokkur manna á næsta þingi verður að taka þar að sér forustuna. Og það er öllum heppilegast, að sá fl. sé svo mannsterkur í þinginu, að hann út af fyrir sig hafi atkvæðaafl til þess að ráða einn, og verði þar af leiðandi að taka á sig alla ábyrgð á gjörðum þings og stjórnar meðan völdin eru í hans höndum

Smáflokka-sargið í þinginu, sem á hefir gengið undanfarin ár, er öllum mikilsvarðandi málum og öllu starfi þings og stjórnar til niðurdreps. — Það hefir reynslan sýnt. Flokkaskifting eftir atvinnuvegum er engan veginn æskileg, eins og sýnt hefir verið fram á áður, enda er hún óundirbúin nú við kosningarnar og getur þegar af þeirri ástæðu alls ekki komið til greina

Enginn af þeim flokkum, sem nú sækir fram við kosningarnar, stendur þannig að vígi, að hann geti orðið grundvöllur fyrir þann framtíðar stjórnmálaflokk, sem nauðsynlegt er að myndist hér í landinu og nái yfir allar atvinnustéttir þess, — nema Heimastjórnarflokkurinn einn Því er sigur hans nú eina sjáanlega leiðin út úr því vandræða-ástandi, sem stjórnmál okkar nú eru í, og játa þetta margir skynsamir menn, sem að undanförnu hafa þó staðið utan þess flokks.

ÞINGMENSKUFRAMBOÐIN.

Þau eru nú kunn orðin hvervetna að af landinu — — Hér verður því listi yfir þingmannaefnin tekinn upp í heilu lagi og getur hann ekki breyzt úr þessu, þar sem framboðstíminn er nú útrunninn, nema ef einhver af þingmannaefnunum kynnu að drága sig í hlé til styrktar öðrum áður en kosning fer fram. — Aftan við nöfn þingmannaefnanna merkir H heimastjórnarmaður, — langsum, Þv. þversum, Ó óháður bóndi, Þng. þingbændaflokksmaður, V verkamannaflokksmaður, U utan flokka.

Í Reykjavík: J Magnússon H; K. Zimsen H; M Th Blöndal L; Sv. Björnsson L; Jör. Brynjólfsson V; Þorv. Þorvarðarson V.

Í Borgarfjarðarsýslu: Bjarni á Geitabergi H; Pétur Ottesen Þv; Jón í Deildartungu Ó og Þv (þ. e. óháður þversum-bóndi eða þversum-óháður bóndi).

Í Mýrasýslu: Jóh. Eyjólfsson H; Andrés í Síðumúla Ó og Þv; Pétur í Hjörtsey Ó og Þv

Í Snæfellsnessýslu: Halldór Steinsen H; Páll V Bjarnason sýslumaður H; Ólafur á Jörfa H; O Clausen Þv

Í Dalasýslu: Benedikt í Tjaldnesi; U; Bjarni frá Vogi Þv

Í Barðastrandarsýslu: Sira Sig. Jensson U; Hákon Kristófersson Þv

Í Vestur-Ísafjarðarsýslu: Matth. Ólafsson H; síra Böðvar Bjarnason H; Halldór Stefánsson læknir Þv

Í Ísafjarðarkaupstað: Sigurjón Jónsson H; Magnús Torfason Þv

Í Norður-Ísafjarðarsýslu: Síra Sig. Stefánsson H; Skúli Thoroddsen Þv

Í Strandasýslu: Magnús Pétursson L (studdur af Guðjón í Guðlaugssyni kaupfélagsstjóra, sem áður hefir fylkt liði á móti honum, og því sjálfkjörinn).

Í Húnavatnssýslu: Þórarinn á Hjaltabakka H; Jón á Undirfelli H; Jón Jónsson læknir H; Guðmundur Ólafsson Þng; Guðmundur Hannesson U

Í Skagafjarðarsýslu: Síra Arnór Árnason H; Magnús Guðmundsson sýslumaður U; Jósef Björnsson Þng og Ól. Briem Þng

Í Eyjafjarðarsýslu: Stefán í Fagraskógi H; Jón Stefánsson H; Páll Bergsson H; Kristján á Tjörnum Þv; Einar á Eyrarlandi U

Í Akureyrarkaupstað: M. Kristjánsson H; Sigurður Einarsson dýralæknir Ó; Erlingur Friðjónsson V

Í Suður-Þingeyjarsýslu: Pétur Jónsson H (sjálfkjörinn)

Í Norður-Þingeyjarsýslu: Steingr. Jónsson H; Ben Sveinsson Þv

Í Norður-Múlasýslu: Gutt Vigfússon H; Ingólfur Gíslason H; Jón á Hvanná Þng; Þorsteinn M. Jónsson Þv

Í Seyðisfjarðarkaupstað: Jóh. Jóhannesson H; Karl Finnbogason L

Í Suður-Múlasýslu: B R Stefánsson H; Sigurður H Kvaran H; G Eggerz Þv; Ólafur Thorlacius læknir Þv; Þórarinn í Gilsárteig í Þng; Sv Ólafsson Ó

Í Austur-Skaftafellssýslu: Síra Sig Sigurðsson H; Þorleifur í Hólum Þng

Í Vestur-Skaftafellssýslu: Gísli Sveinsson L; síra Magnús Bjarnason Þv; Lárus á Kyrkjubæjarklaustri Þv.

Rangárvallasýslu: Síra Eggert Pálsson H; Einar á Geldingalæk H; síra Skúli Skúlason (?)

Í Vestmannaeyjum: Sveinn Jónsson H; Karl Einarsson Þv

Í Árnessýslu: Sig Sigurðsson H; Jón Þorláksson H; Einar Arnórsson L; Gestur Einarsson Ó; Árni í Alviðru (?)

Í Gullbringu og Kjósarsýslu: — Björn í Gröf H; Einar Þorgilsson U (gamall sjálfstæðismaður); Þórður Thoroddsen U (gamall sjálfstæðismaður); Björn Kristjánsson Þv, síra Kristinn Daníelsson Þv, Davíð Kristjánsson V.

Um framboð Davíðs Kristjánssonar er það sagt, að það hafi ekki komið fram fyrri en á laugardag og telji kjörstjóri það of seint fram komið og því ógilt

Þingmannaefnin, sem um verður kosið, eru þá 80. Mundi frambjóðendatala við alþingiskosningar hafa nokkru sinni verið svo há áður?

—(Lögrétta)

Óheilt á Grikklandi enn.

Það hafði komið upp samsæri á Grikklandi á móti Bandamönnum. Var það áformið, að allir foringjar gríska flotans við Aþenuborg eða réttara Pireus tækju sig saman og færu með konungssinnum og Þjóðverjum. Þeir ætluðu að safnast saman í Þessalíu að baki Bandamönnum og flytja þangað hermenn, vopn og skotfæri og alt er til hernaðar þurfti frá Aþenuborg og fleiri stöðum, og til þessa átti fyrst að brúka herskip þessi.

En samsærið komst upp og óðara heimtuðu Bandamenn af Grikkjastjórn, að selja sér allan flotann í hendur, þann sem eftir var við Salamis eða Pireus höfn. Konungur var í kreppu og fékk ekki við ráðið og lét Grikkja stjórn undir eins að vilja Bandamanna, og lét þá einnig fá yfirráð yfir járnbrautum og póstmálum.

Snemma morguns hinn 13. september bjuggust svo Bandamenn við, og beindu brynskip Rússa öllum fallbyssum sínum á grísku skipin, ef í ilt kynni að fara, en Bandamenn drógu þau úr höfn til aðalflota Bandamanna. Það voru brynskipin Averoff (cruiser) og Kilkis og Lemnos (battleships). Síðan var öllum hermönnum og foringjum á grísku skipunum boðið að hafa sig burtu með alt sitt, nema þeim, sem vildu herjast með Bandamönnum. Allir fóru burt, bæði hermenn og hásetar og foringjar, og sýndi það ljósast, að ekki var ofsagt um, að þeir vildu fylgja konungi og Þjóðverjum.

Venizelos var kominn til Salonichi frá Mitylene, og sagði hann fregnrita Ward Price, að þetta væri alt konungi að kenna, hvað tvískiftir er á ötrúir Grikkir væru; en lét um leið í ljósi við hann, að hann (Venizelos) væri búinn að búa út herdeild (corps), 50 þúsund manns, til að berjast með Bandamönnum á móti Búlgörum.

Það var og í ráði, að Venizelos setti upp regulega stjórn í Salonichi og tæki að sér stjórnarstörf öll; legði á skatta til að halda við hernum og safnaði liði.

Gát Venizelos þess einnig, að í September 1915 hefði hann talað við konung og hvatt hann til þess, að efna loforð og skuldbindingar sínar við Serba, En þá mælti konungur snúðugt:

"Í innanríkismálum öllum getið þið breytt eins og ykkur sýnist, en í utanríkismálum öllum er eg einn ábyrgðarfullur fyrir guði og mönnum!"

Þá svaraði Venizelos honum og sagði: —

"Þér eruð nú að halda fram guðdómlegum rétti konunganna, sem oss kemur ekkert við hér á Grikklandi. Faðir yðar var af frjálsum vilja kosinn af alþjóð Grikkja til að vera konungur þeirra og þér eruð eftirmaður hans. Þarna getur enginn guðdómlegur réttur komið til greina. Þér hafið konungdóminn í umboði þjóðarinnar".

— Svo sagði Venizelos við fregnritann, að Grikkir vildu og mundu berjast með Bandamönnum og bráðlega mundu þeir hafa 50 þúsúndir hermanna þeim til fulltingis.

En konungur Grikkja nuddar og þumbast við og reynir að ónýta öll ráð þeirra, sem Bandamönnum fylgja. En Venizelos safnar óðum liði í Salonichi. Enda er það farið að sjást, að Bandamenn eru óhræddari um bak sitt, því að þeir hrekja nú Búlgara og Austurríkismenn á allri línunni frá Albaníu og austur fyrir Seres borgina, að austanverðu í Struma dalnum.

Nú ætla margir, að Konstantín sé búinn að vinna sér til afsetningar og tapa kórónu sinni.

Wonder Oil

DRÝGIR GASOLIN STÓRKOSTLEGA.

Þú leggur ekki í neina hættu með að kaupa WONDER OIL. Hún er ábyrgst að gefa þér 25 til 50 prósent meiri vegalengd og meira afl úr sjálfhreyfivagni þínum, ef hún er brúkuð samkvæmt fyrirsögn. Það er ekkert í þessari olíu, sem getur skemt hinar fínustu vélar

Spyrjið Mr. Yule, Manager Northern Crown Bank, um áreiðanleik félags-ins. Spyrjið Mr. Mundill, frá Ogilvie Flour Mills Co., Winnipeg, Mr. Pope frá Tribune og Mr. Lincoln, frá Telegram, hvað þeir viti af reynslunni um WONDER OIL.

Komið á skrifstofu vora og lesið hundruð meðmæla frá fólki, sem brúkar olíuna, — og veit, hvað það segir.

Reynið $3.00 dunk. Það borgar sig ekki að vera án olíunnar.

WONDER OIL COMPANY.
1101 McArthur Building, Winnipeg.

YÐAR þénustu reiðubúnir
Bezta útkoma

E. J. BAWLF & CO. KORNVÖRU-KAUPMENN.

617 Grain Exchange, Winnipeg.

BORÐVIÐUR SASH, DOORS AND MOULDINGS.

Við höfum fullkomnar byrgðir
al öllum tegundum.
Verðskrá verður send hverjum, sem
æskir þess.

THE EMPIRE SASH & DOOR CO., LTD.
Henry Ave. East, Winnipeg, Man., Telephone: Main 2511

Sögusafn Heimskringlu

Eftirfarandi bækur eru til sölu á Heimskringlu, — meðan upplagið hrekkur. Sendar póstfrítt hvert sem er:

Sylvía	$0.30
Bróðurdóttir amtmannsins	0.30
Dolores	0.30
Hin leyndardómsfullu skjöl	0.40
Jón og Lára	0.40
Ættareinkennið	0.30
Lára	0.30
Ljósvörðurinn	0.45
Hver var hún?	0.50
Forlagaleikurinn	0.55
Kynjagull	0.35

Sérstök Kjörkaup

Ef pantað er fyrir $1.00 eða meira, gefum vér 10 prósent afslátt. Og ef allar bækurnar eru pantaðar í einu, seljum vér þær á — **að eins þrjá dollara tuttugu og fimm cents ($3.25).** Borgun fylgi pöntunum.

GISLI GOODMAN
TINSMIÐUR.
Verkstæði:—Horni Toronto St. og Notre Dame Ave.
Phone Garry 2988 Heimilis Garry 899

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th. Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annað þar að lútandi. Útvegar peningalán o.fl.
Phone Main 2685.

PAUL BJARNASON
FASTEIGNASALI.
Selur elds, lífs, og slysaábyrgð og útvegar peningalán.
WYNYARD, SASK.

J. J. Swanson H. G. Hinriksson
J. J. SWANSON & CO.
FASTEIGNASALAR OG peninga miðlarar
Talsími Main 2597
Cor. Portage and Garry, Winnipeg

Graham, Hannesson & McTavish
LÖGFRÆÐINGAR.
215—216—217 CURRIE BUILDING
Phone Main 3142 WINNIPEG

Arni Anderson E. P. Garland
GARLAND & ANDERSON
LÖGFRÆÐINGAR.
Phone Main 1561
801 Electric Railway Chambers.

Talsími: Main 5302.
Dr. J. G. Snidal
TANNLÆKNIR.
614 SOMERSET BLK.
Portage Avenue. WINNIPEG

Dr. G. J. Gislason
Physician and Surgeon
Athygli veitt Augna, Eyrna og Kverka Sjúkdómum. Asamt innvortis sjúkdómum og uppskurði.
18 South 3rd St., Grand Forks, N.D.

Dr. J. Stefánsson
401 BOYD BUILDING
Horni Portage Ave. og Edmonton St.
Stundar eingöngu augna, eyrna, nef og kverka-sjúkdóma. Er að hitta frá kl. 10 til 12 f.h. og kl. 2 til 5 e.h.
Phone: Main 3088.
Heimili: 105 Olivia St. Tals. G. 2315

Vér höfum fullar birgðir hreinustu lyfja og meðala. Komið með lyfseðla yðar hingað, vér gerum meðulin nákvæmlega eftir ávisan læknisins. Vér sinnum utansveita pöntunum og seljum giftingaleyfi.
COLCLEUGH & CO.
Notre Dame & Sherbrooke Sts
Phone Garry 2690—2691

A. S. BARDAL
selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Ennfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
813 SHERBROOKE ST.
Phone G. 2152 WINNIPEG

ÁGRIP AF REGLUGJÖRÐ um heimilisréttarlönd í Canada og Norðvesturlandinu.

Hver, sem hefir fyrir fjölskyldu að já eður karlmaður eldri en 18 ára, getur tekið heimilisrétt á fjórðung úr section af óteknu stjórnarlandi í Manitoba, Saskatchewan og Alberta. Umsækjandi erður sjálfur að koma á landskrifstofu stjórnarinnar, eða undirskrifstofu hennar í því héraði. Í umboði annars má taka land á öllum landskrifstofum stjórnarinnar (en ekki á undir skrifstofum) með vissum skilyrðum.

SKYLDUR:—Sex mánaða ábúð og ræktun landsins á hverju af þremur árum. Landnemi má búa með vissum skilyrðum innan 9 mílna frá heimilisréttarlandi sínu, á landi sem ekki er minna en 80 ekrur. Sæmilegt íverubús verður að byggja, að undanteknu þegar ábúðarskyldurnar eru fullnægðar innan 9 mílna fjarlægð á öðru landi, eins og fyr er frá greint.

Búpening má hafa á landinu í stað ræktunar undir vissum skilyrðum.

Í vissum héruðum getur góður og efnilegur landnemi fengið forkaupsrétt, á fjórðungi sectionar meðfram landi sínu. Verð $3.00 fyrir ekru hverja

SKYLDUR:—Sex mánaða ábúð á hverju hinna næstu þriggja ára eftir að hann hefir unnið sér inn eignarbréf fyrir heimilisréttarlandi sínu, og auk þess ræktað 50 ekrur á hinu sama landi. Forkaupsréttarbréf getur landnemi fengið um leið og hann tekur heimilisréttarbréfið, en þó með vissum skilyrðum.

Landnemi sem eytt hefur heimilisréttí sínum, getur fengið heimilisréttarland keypt í vissum héruðum. Verð $3.00 fyrir hverja ekru. SKYLDUR — Verður að sitja á landinu 6 mánuði af hverju af þremur næstu árum, rækta 50 ekrur og reisa hús á landinu sem er $300.00 virði.

W. W. CORY,
Deputy Minister of the Interior.

Blöð, sem flytja þessa auglýsingu leyfislaust fá enga borgun fyrir